

Leikföng leikskólabarna

Val foreldra á leikföngum leikskólabarna eftir kyni barns

Kolbrún Lára Kjartansdóttir

Lokaverkefni til B.Ed. prófs
Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Leikföng leikskólabarna

Val foreldra á leikföngum leikskólabarna eftir kyni barns

Kolbrún Lára Kjartansdóttir

Lokaverkefni til B.Ed. prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Annadís Greta Rúdólfsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
maí 2019

Leikföng leikskólabarna

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed. prófs
í leikskólakennarafræði við deild kennslu- og menntunarfræði,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Kolbrún Lára Kjartansdóttir 2019

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í hvaða leikföng foreldrar kaupa fyrir börn sín og hvort það sé munur á hvaða leikföng verða fyrir valinu út frá því hvort barnið sé stúlka eða drengur. Rannsóknin er blönduð rannsókn, það er að notast er bæði við meginlega og eigindlega aðferðafræði. Gögnum var safnað með spurningakönnun á netinu með sjálfvöldu hentugleika- og snjóboltaúrtaki. Þátttakendur voru samtals 656 foreldrar og þar af 576 gild svör. Svarhlutfall var ójafnt eftir kynjum en feður voru 35 eða eingöngu 6% svarenda en mæður 541 eða 94% svarenda. Svör foreldra voru síðan þemagreind og leikföngum skipt í flokka eftir eðli þeirra. Ástæða fyrir vali á leikfangi var einnig þemagreind og skipt í flokka. Að lokum var skoðað hvort tengsl væru á milli hugmyndafræði eða stefnu leikskóla sem börnin eru í og leikfanga sem keypt voru fyrir þau. Niðurstöður leiða í ljós að marktækur munur er á leikfangavali fyrir börn eftir kyni í þrem leikfangaflokkum en enginn marktækur munur fannst í hinum fimm flokkunum. Enginn marktækur munur mældist á ástæðu fyrir vali á leikfangi eða hvaða hugmyndafræði eða stefna var á leikskóla barnsins. Niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir um að drengir fá leikföng sem snúa að tækni eða hreyfingu og að stúlkur fá leikföng sem tengjast ummönnun.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Ágrip | 3 |
| Efnisyfirlit | 4 |
| Töfluskra | 5 |
| Formáli | 6 |
| 1 Inngangur | 7 |
| 1.1 Hagnýtt gildi verkefnisins | 7 |
| 1.2 Markmið verkefnis og rannsóknarspurningar | 9 |
| 1.3 Uppbygging ritgerðar | 9 |
| 2 Fræðilegur bakgrunnur | 11 |
| 2.1 Eðlishyggja | 11 |
| 2.2 Mótunarhyggja | 12 |
| 2.3 Kyn, kyngervi og kynblinda | 12 |
| 2.4 Staðalmyndir, kynjahlutverk og mismunur vegna kyns | 13 |
| 2.5 Mótun kyngervis barna | 15 |
| 2.6 Kyngervi leikfanga | 18 |
| 2.7 Leikefni í leikskólum | 20 |
| 2.8 Samantekt | 21 |
| 3 Aðferðafræði rannsóknarinnar | 22 |
| 3.1 Rannsóknaraðferð og rannsóknarsnið | 22 |
| 3.2 Gagnaöflun | 23 |
| 3.3 Þátttakendur rannsóknar | 24 |
| 3.4 Gagnagreining | 25 |
| 3.4.1 Leikfangaflokkar | 26 |
| 3.5 Marktektarpróf | 26 |
| 4 Niðurstöður | 28 |
| 4.1 Leikfangaflokkar | 28 |
| 4.1.1 Dúkkur | 28 |
| 4.1.2 Farartæki | 29 |
| 4.1.3 Fígúrur | 29 |
| 4.1.4 Hlutverkaleikur | 30 |
| 4.1.5 Hreyfieflandi | 30 |
| 4.1.6 Mjúk tuskudýr | 31 |
| 4.1.7 Skapandi | 31 |
| 4.1.8 Þroskandi | 32 |
| 4.2 Ástæða vals | 32 |
| 4.3 Hugmyndafræði og stefnur leikskóla | 33 |
| 5 Umræða | 34 |
| 6 Lokaorð | 36 |
| Heimildaskrá | 37 |
| Viðauki A: Spurningakönnunin | 41 |

Töfluskra

| | |
|---|----|
| Tafla 1 - Marktektarpróf..... | 27 |
| Tafla 3 - Dúkkur | 28 |
| Tafla 4 - Farartæki..... | 29 |
| Tafla 5 - Fígúrur..... | 29 |
| Tafla 6 - Hlutverkaleikur..... | 30 |
| Tafla 7 - Hreyfieflandi..... | 30 |
| Tafla 8 - Mjúk tuskudýr | 31 |
| Tafla 9 - Skapandi | 31 |
| Tafla 10 - Þroskandi | 32 |
| Tafla 11 – Ástæða fyrir vali..... | 32 |
| Tafla 12 – Hugmyndafræði og stefnur leikskóla | 33 |

Formáli

Ég byrjaði að vinna á leikskóla fljótlega eftir útskrift úr menntaskóla og strax á fyrsta degi fann ég að þetta var það sem mig langaði að gera alla daga, ég hafði fundið framtíðarstarfið mitt. Ég hóf nám í leikskólakennarafræði haustið 2016 til þess að auka þekkingu mína á leikskólafræðum og til þess að geta orðið faglegri í starfi. Í gegnum námið hef ég lært gríðarlega margt sem nýtist mér í starfi og augu mín hafa opnast varðandi ýmis málefni sem viðkoma börnum og leikskólum og þá sérstaklega gagnvart jafnrétti kynjanna og staðalmyndum tengdum þeim.

Á fyrsta ári leikskólakennaranámsins sat ég námskeið sem fjallaði um leik barna og þar var lítið innskot um leikföng og kyngervi þeirra. Þetta vakti strax áhuga minn og þegar kom að því að skrifa B.Ed. lokaverkefni var þetta málefni mér efst í huga. Ég tel að það sé gríðarlega mikilvægt að vinna með jafnrétti frá unga aldri og hefja fræðslu í leikskólum til þess að efla gagnrýna hugsun sem nýtist börnum allt þeirra líf. Leikskólakennarar verða að vera vakandi fyrir áhrifum félagsmótunar og hafa þekkingu á því hvaða kynjuðu lærdóma ung börn kunni að draga af staðalmyndum kynjanna úr barnaefni og nánasta umhverfi.

Ég vil færa Önnudís Gretu Rúdólfsdóttur, leiðbeinanda mínum, þakkir fyrir leiðsögnina, gagnlegar ábendingar og þolinmæðina á meðan vinnu að verkefninu stóð. Ég vil einnig þakka mömmu minni fyrir að hafa óbilandi trú á mér, endalausan stuðning og þolinmæði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 10. maí 2019

Kolbrún Lára Kjartansdóttir

1 Inngangur

Kyngervi leikfanga hefur lítið verið rannsakað hér á landi en áhugi minn á viðfangsefninu hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum leikskólakennaranámið. Ég heyrði fyrst um kyngervi leikfanga í áfanganum Leikskólafræði II – leikur samskipti og skráning en hafði oft heyrt um „stráka“ og „stelpu“ leikföng bæði í daglegu tali en einnig innan leikskólans sem ég starfa á en þá eru það helst börnin sem stimpla leikföngin eftir kyni. Ég hef oft velt því fyrir mér hvaðan þessar staðalmyndir um leikföng koma og hvernig eða hvaðan börn fá þá hugmynd að leikföng séu eingöngu fyrir annað kynið. Staðalmyndir eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins (Hinsegin frá Ö til A) en dæmi um staðalmynd hjá börnum væri þá hvaða leikföng eru við hæfi eftir kyni og hvaða litir eru „stelpulitir“ og „strákalitir“.

Foreldrar eru sterkar fyrirmyndir barna og hafa mikil áhrif á val þeirra á leikföngum með ýmsum hætti. Foreldrar eru þeir sem einna helst versla leikföng fyrir börn sín en hugmyndir foreldra um hvaða leikföng eru viðeigandi mótast svo frá samfélagslegum viðmiðum (Francis, 1998; 2006). Ekki hefur verið rannsakað hvort tengsl séu á milli hugmyndafræði leikskóla og leikföngum sem verslað er fyrir börn. Það er mismunandi eftir hugmyndafræðum og stefnum leikskóla hvort boðið sé upp á opinn efnivið, þroskandi leikföng, skapandi leikföng eða hefðbundin leikföng fyrir hlutverkaleik líkt og dúkkur, bollastell og fleira.

1.1 Hagnýtt gildi verkefnisins

Ritgerðin hefur hagnýtt gildi fyrir foreldra og leikskólakennara. Ritgerðin hefur einnig hagnýtt gildi fyrir þá sem þá sem skipuleggja menntun leikskólakennara. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvort kyn barna hafi áhrif á leikföng sem foreldrar kaupa fyrir börn sín.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 segir að leikskólakennarar verði að leggja áherslu á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Jafnréttismenntun í leikskóla felur í sér gagnrýna skoðun á hugmyndum samfélagsins með þann tilgang að kenna börnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Leikskólum ber að vera vettvangur þar sem að allir fá tækifæri til að vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Það er eðlilegt að velta fyrir sér áhrifum leikskóla og leikskólakennara þegar kemur að leikföngum barna en Mennta- og

menningarmálaráðuneytið hefur á síðustu árum lagt aukna áherslu á að börn fái sérstaka jafnréttisfræðslu og að leikskólar vinni markvisst að því að draga úr mismunun á milli barna. Jafnrétti er einn af grunnþáttum íslenska menntakerfisins og kennurum ber að stuðla að gagnrýninni hugsun (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013). Barnett (2003) telur að menntunarstig kennara hafi áhrif á gæði leikskóla og þar með menntun barna. Barnett rökstyður sína skoðun með því að vitna í rannsóknir á uppeldissýn leikskólafólks sem sýnir að leikskólakennarar hafi jákvæðari viðhorf til barna og séu næmari fyrir þörfum þeirra en þeir sem hafa minni fræðilega þekkingu á uppeldis- og menntunarmálum. Niðurstöður rannsóknar Hrannar Pálmadóttur og Þórdísar Þórðardóttur (2007) tekur í sama streng um uppeldissýn kennara og leiðbeinanda. Það liggur því augum uppi að viðhorf leikskólakennara til jafnréttis skiptir máli en ólíkur skilningur leikskólakennara á jafnrétti getur verið hindrun í jafnréttiskennslu (Þórdís Þórðardóttir, 2016).

Francis (2010) lagði könnun fyrir foreldra þar sem spurt var út í uppáhalds leikfang og áhorfsefni barna þeirra. Niðurstöður sýndu að drengir léku sér frekar með þroskandi leikföng líkt og kubba eða leikföng sem hvetja til hasars líkt og ofurhetjukallar og flugvélar. Stúlkur léku sér heldur með leikföng sem stuðluðu að félagshæfni líkt og dúkkur og bangsa en þær léku sér einnig mikið í hlutverkaleik þar sem umönnunarhlutverkið var í forgrunni (Francis, 2010). Niðurstöðurnar sýndu að leikföng og áhorfsefni barna hefur áhrif á þróun hæfileika og áhugamála hjá þeim og því séu drengir líklegri en stúlkur til að standa sig vel í vísindagreinum en stúlkur líklegri til að sýna áhuga á umönnun. Rannsóknir og fræðimenn innan uppeldis- og menntunarfræða sem og leikskólakennslu ítreka að ung börn læra best í gegnum leik (Golinkoff, Hirsh-Pasek og Singer, 2006; Holzman og Newman, 2008) en ef leikefni þeirra endurspeglar eingöngu það sem er ætlast til að þau leiki sér með miðað við kyn er ekki skrítið að börn mótist af því. Leikskólakennarar sem og foreldrar verða því að vera meðvitaðir um félagsleg viðmót og hvernig það hefur áhrif á börn og þurfa að gæta sín að bjóða upp á fjölbreytt leikefni bæði fyrir stúlkur og drengi.

1.2 Markmið verkefnis og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvaða leikföng foreldrar kaupa fyrir börn sín og þær skýringar sem þeir gefa á kaupunum. Niðurstöður eru greindar með tilliti til kyns barnanna og athugað hvort marktækur munur er á leikfangakaupum fyrir börn eftir kyni.

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er: „*Er munur á vali foreldra á leikföngum fyrir börn á leikskólaaldri eftir kyni barnanna?*“.

Undirspurningar ritgerðar eru: „*Hver var ástæða foreldra fyrir vali á leikfangi?*“ og „*Var munur á leikföngum sem börn fengu eftir hugmyndafræði eða stefnu leikskólans?*“.

1.3 Uppbygging ritgerðar

Í 2. kafla er greint frá fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar þar sem að hugtökin kyn, kyngervi, eðlishyggja og mótundarhyggja eru skilgreind. Fjallað er um fyrri rannsóknir í tengslum við efni rannsóknarinnar. Að lokum er fjallað um kyngervismótun barna, það er hvernig börn læra að tileinka sér kvenleika annars vegar eða karlmennsku hins vegar í gegnum leikföng.

Í 3. kafla er farið yfir aðferðafræði rannsóknarinnar en um blandaða rannsókn er að ræða það er meginlega (e. *quantitative*) rannsókn þar sem töluleg gögn eru greind. Svör við opnum spurningum spurningakönnunarinnar voru þemagreind en slík aðferðafræði telst til eigindlegar (e. *qualitative*) rannsóknar. Ákveðið var að nota spurningakönnun á netinu til þess að ná til breiðs hóps þátttakenda og fá sem víðtækasta svörun. Fjallað er um gagnaöflun með spurningakönnuninni, þátttakendur rannsóknar og hvernig val á þeim fór fram. Næst er umfjöllun um gagnagreiningu en hún fór fram þegar gagnaöflun var lokið. Að lokum er farið yfir úrvinnslu rannsóknarinnar. Um þemaskipta greiningu (e. *coding analysis*) er að ræða þar sem höfundur ritgerðar skráir hjá sér svör í ákveðna flokka leikfanga sem koma oft upp (Braun og Clarke, 2006; Wisker, 2001). Þemun sem komu fram voru leikfangaflokkarnir dúkkur, farartæki, fígúrir, hlutverkaleikur, hreyfieflandi, mjúk tuskudýr, skapandi og þroskandi. Þegar ástæða fyrir vali á leikfangi var skoðuð komu í ljós fimm flokkar og þeir voru vegna áhugasviðs barns, gjöf, val barns, val foreldris og verðlaun/umbun.

Í 4. kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar settar fram. Í þeim tilgangi að svara rannsóknarspurningunum verður sjónum beint að þeim þáttum í leikföngum sem einkenna

mótun kyngervis og borið saman við niðurstöður rannsóknarinnar. Marktækni niðurstaða rannsóknar er athuguð með martektarprófi. Núlltilgátan (e. *null hypothesis*) er: „enginn marktækur munur er á svörun spurninga eftir mismunandi lýðfræðibreytum“ og rannsóknartilgátan (e. *research hypothesis*) er: „munur er á svörun spurninga eftir mismunandi lýðfræðibreytum“ eða að börn fái mismunandi leikföng eftir kyni.

5. kafli er umræðukafli en þar eru niðurstöður rannsóknarinnar ræddar og settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla er gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni verkefnisins. Við vinnslu á fræðilega bakgrunni rannsóknarinnar var að mestu leyti notast við afleiddar heimildir, það er að segja heimildir sem aðrir rannsakendur hafa unnið og skráð. Útskýrð eru hugtökin eðlishyggja, mótunarhyggja, kyn, kyngervi og kynblinda, staðalmyndir, kynjahlutverk og mismunun vegna kyns og að lokum er farið yfir mótun kyngervis barna og kyngervi leikfanga. Afleiddu heimildirnar koma að mestu leyti úr fræðibókum, fræðigreinum og ritum sem fjalla um leikföng og mótun kyngervis barna.

2.1 Eðlishyggja

Eðlishyggja í tengslum við kyn felur í sér þá hugmynd að kynin fæðist með ólíka eiginleika og skapgerð. Kynjunum er þá stillt upp sem andstæðum og alhæft um eiginleika þeirra sem eru af sama kyni og oft út frá staðalmyndum sem byggja á gömlum hugmyndum um kynhlutverk. (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010). Eðlishyggja felur í sér tvíhyggju en með tvíhyggju er átt við að það séu eingöngu tvö kyn, karlkyn og kvenkyn, og að karlkynið sé yfirleitt ríkjandi. Hægt er að sjá dæmi um tvíhyggju í langflestu sjónvarpsefni þar sem eingöngu eru tvö kyn sem hafa gjörólíka eiginleika og flestir eru gagnkynhneigðir. Eðlishyggjusinnar halda því fram að konur og karlar leiti í ólík störf vegna eðlis þeirra og vísa til móðureðlis hjá konum og atorkusemi hjá körlum til þess að styðja sitt mál. Þannig er því haldið fram í skjóli eðlishyggju að konum sé eðlislægt að sækja í umönnunarstörf og körlum eðlislægt að leita í störf sem krefjast áræðni og samkeppni (Þórdís Þórðardóttir, 2012a). Eðlishyggja felur í sér algildi og óbreytanleika og hefur verið notuð til að réttlæta mismunun vegna kyns (Francis, 2006; Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002; Þórdís Þórðardóttir, 2012a). Það hafa flestir heyrt orðatiltækið „boys will be boys“ en það endurspeglar hugmyndir eðlishyggjunnar um að það sé eðlilegt og óhjákvæmilegt fyrir drengi að hegða sér á ákveðinn hátt og að þeir hafi enga stjórn á hegðun sinni. Hins vegar er gert ráð fyrir því að stúlkur hegði sér vel og því er enginn frasi eða orðatiltæki til sem afsakar slæma hegðun stúlkna því samfélagið gerir ráð fyrir því að þær hafi stjórn á sér og séu til friðs.

2.2 Mótunarhyggja

Mótunarhyggja er andstæða eðlishyggju. Mótunarhyggja telur að öll þekking mótist í menningarlegu samhengi, meðal annars er sagt að hugtök eins og kyn, uppruni og fötlun eigi sér ekki tilvist án þeirrar merkingar sem þau öðlast í gegnum orðræðu samfélagsins (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010; Þórdís Þórðardóttir, 2012a). Orðræða er líklegri til þess að verða ríkjandi í samfélaginu ef áhrifamiklir einstaklingar taka undir eða samþykkja hana (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013). Því skiptir orðræða í samfélaginu máli í mótun ungra barna og þá sérstaklega sú orðræða sem er ríkjandi innan leikskólasamfélagsins. Þeir sem aðhyllast mótunarhyggju telja einnig að ólík staða og hlutverk kynjanna sé hvorki líffræðileg né í eðli fólks heldur mótist hver einstaklingur af ráðandi hugmyndum í því samfélagi sem hann býr í. Mótunarsinnar hafna því að ólík hegðun, hlutverk og staða kynjanna stafi af meðfæddu eðli kvenna og karla og trúa því að hver og einn fæðist með ólíka skapgerð. Þar að auki er lagður þungi á að ekki sé hægt að eigna öllum einstaklingum af sama kyni sömu eiginleika (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010; Þórdís Þórðardóttir, 2012a). Mótunarhyggja beinir sjónum að því hvort flokkun fólks eftir kyni sé náttúruleg flokkun. Þeir aðiliar sem styðjast við mótunarhyggju telja að það væri jafn sjálfsagt að flokka fólk eftir því hvort þau séu lágvaxin eða hávaxin (Burr, 1995). Einstaklingar verða fyrir áhrifum félagsmótunar nánast hvar sem er en áhrifamiklir félagsmótunaraðilar eru til dæmis fjölmiðlar, skólar, íþróttafélög, fjölskyldan og vinir. Fjölmiðlar sýna oft mjög skekka mynd af kynjahlutverkum og viðhalda gömlum og úreltum staðalmyndum um kynin (Leaper, Breed, Hoffman og Perlman, 2002). Börn sjá því fremur einhæfa mynd af því hvað það merkir að vera drengur eða stúlka í gegnum sjónvarpsefni.

2.3 Kyn, kyngervi og kynblindu

Hugtakið kyngervi (e. *gender*) er ekki það sama og kyn (e. *sex*) og mikilvægt að munurinn þar á milli sé ljós. Í hinseginfræðum og kynjafræðum þykir oft gagnlegt að greina á milli líffræðilegs kyns annars vegar, sem þá er einfaldlega nefnt kyn, og hins vegar félagslega mótað kyns, sem er þá nefnt kyngervi. Félagsleg mótun kyngervis tekur til dæmis til þeirra væntinga sem samfélagið gerir til karla og kvenna, þeirra verksviða sem hvort kyn er talið geta tileinkað sér

og hvaða áhugamál og klæðaburður er talinn við hæfi fyrir kynin (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010; Hinsegin frá Ö til A, e.d.; Paechter, 2007)

Í flestum tilvikum er talað um kyn út frá hugmyndinni um tvíhyggju eða kynjatvíhyggju sem felur í sér að það séu eingöngu tvö kyn. Það er þó mikilvægt að gera sér grein fyrir að kyn er ekki bara kynfæri heldur eru til einstaklingar sem fæðast sem intersex. Samkvæmt kynjatvíhyggju eru hinsvegar eingöngu tvö kyn, karl og kona. Karlar búa yfir karlmennsku sem jafngildir styrkleika og konur yfir kvenleika sem er jafngildir veikleika í kynjatvíhyggjunni (Hinsegin frá Ö til A, e.d.).

Kynblinda (e. *gender blindness*) á sér stað þegar áhrif kyns eru ekki skoðuð eða eru hunsuð. Þetta gerist til dæmis þegar upplýsingar eru ekki kyngreindar eða ekki er tekið tillit til ólíkra þarfa kynjanna (Jafnréttisstofa, e.d.). Kynblinda kemur líka fram þegar fólk kýs að líta fram hjá kynjamisrétti sem er að finna í samfélaginu. Samkvæmt rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012a), Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla, kom fram að orðræða leikskólakennara einkenndist meðal annars af kynblindu. Þar virtist eðlishyggjuviðhorf leikskólakennaranna virka sem hvati á kynjablindu og þöggun (Þórdís Þórðardóttir, 2012a). Þöggun er hugtak sem er meðal annars notað um það að draga úr eða gera lítið úr mikilvægum atriðum, til dæmis með því að nefna ekki vissa hluti á nafn eða gera lítið úr þeim (Paechter, 2007).

2.4 Staðalmyndir, kynjahlutverk og mismunun vegna kyns

Staðalmyndir (e. *stereotypes*) eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins, eins og hvernig það á að hegða sér og hvaða störf eru við hæfi þess (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010; Hinsegin frá Ö til A, e.d.). Staðalmyndir geta tengst kyni, húðliti, þjóðerni, trúarbrögðum, fjárhag, menntun og ýmiskonar greinilegum fjölbreytileika (Jafnréttisstofa, e.d.). Sumar staðalmyndir hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og samkvæmt 1. gr. jafnréttislaga á að vinna markvisst gegn þeim (Jafnréttislög, nr. 10/2008). Í 2. grein leikskólalaga frá 2008 er tekið í sama streng en þar eru sett fram markmið sem fela í sér að stuðla skuli að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra (Lög um leikskóla, nr 90/2008). Þau markmið má túlka sem áherslu á lýðræðislegt jafnrétti og bann við mismunun. Því ættu leikskólakennarar að stuðla að meðvitund um mismunandi

félagsstöðu. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) felur jafnréttismenntun í sér gagnrýna skoðun á ríkjandi hugmyndum samfélagsins með það markmið að kenna börnum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Hefðbundin kynjahlutverk vísa í hugmyndir um hlutverk kvenna og karla frá fyrri tíð. Talið var að hæfileikar og skyldur kvenna lægju fyrst og fremst í húsmóður-, uppeldis- og umönnunarhlutverkum en karlar gegndu skyldum sem fjölskyldufeður og fyrirvinnur. Hugmyndir um sérstök kynhlutverk fyrirfinnast alls staðar en eru breytileg eftir samfélögum og tímabilum (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010).

Francis (1998) bendir á að sjö til átta ára gömul börn hafi tilhneigingu til að nota staðalmyndir um kvenna- og karlastörf sem fyrirmyndir í ímyndunar- og hlutverkaleikjum. Stúlkur eru þá líklegri til þess að leika kennara og hjúkrunarfræðinga en drengir leiki frekar bílstjóra, lögreglu og flugmenn. Í hlutverkaleik setja börn sig í hlutverk og herma eftir raunverulegum persónum sem þau hafa komist í kynni við eða leika skáldaðar persónur og endurtaka atburði eða reynslu sem þau hafa upplifað (Frost, Wortham og Reifel, 2008). Í rannsóknum í leikskólum á Íslandi hefur komið fram að leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla taki lítinn þátt í hlutverkaleik barna (Jóhanna Einarsdóttir, 1999). Því má gera ráð fyrir að leikskólabörn hafi einnig tilhneigingu til að nota staðalmyndir kynjanna í hlutverkaleik.

Mismunun vegna kyns (e. *discrimination*) getur verið bein eða óbein. Samkvæmt 2. grein jafnréttislaga (*Jafnréttislög 10/2008*) á bein mismunun sér stað þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður. Óbein mismunun á sér stað þegar hlutlaus skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema að slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Með hlutlausum skilyrðum, viðmiðum eða ráðstöfunum getur meðal annars verið átt við lög, reglugerðir, stefnur eða aðrar aðgerðir (Jafnréttisstofa, e.d.). Það er því mismunun vegna kyns að stúlkum og drengjum sé talið í trú um að eingöngu ákveðin leikföng séu viðeigandi fyrir þau. Paechter (2007) segir að kennarar falli í gryfju að mismuna börnum með orðræðu sinni, bæði með því að ætla börnum mismunandi eiginleika og með því að skamma og hrósa börnum á ólíkan hátt eftir kyni (Paechter, 2007).

Í rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012a), *Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla*, kom fram að leikskólakennarar segjast stuðla að jafnrétti innan leikskóla með því að einblína frekar á einstaklinginn og forðast að draga kyn barna inn í menntun þeirra. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom þó fram að orðræða leikskólakennara var lituð af eðlishyggju, kynjablindu og þöggun sem er í mótsögn við áherslu þeirra á jöfnuð og lýðræði. Leikskólakennararnir notuðu skýringar líkt og að stúlkum væri eðlislægt að æfa fínhyfingar, vera hrifnar af álfum og prinsessum og drengjum eðlislægt að æfa grófhreyfingar og vera hrifnir af hetjusögum og tölvuleikjum. Þórdís benti á mikilvægi þess að leikskólakennarar beini sjónum að úrvinnslu barna á staðalmyndum kynjanna og að kennarar búi yfir þekkingu á því hvaða kynjuðu lærdóma ung börn kunni að draga af staðalmyndum kynjanna úr barnaefni og nánasta umhverfi sínu (Þórdís Þórðardóttir, 2012a).

2.5 Mótun kyngervis barna

Börnum er úthlutað kyngervi fyrir fæðingu eða þegar kyn barns er kemur í ljós. Komið er fram við börn af ólíkum hætti eftir því hvort þau flokkist sem drengur eða stúlka, þessi flokkun hefur síðan áhrif á framtíð barnsins, væntingar þess og jafnvel persónuleika (Paechter, 2007). Börn læra viðeigandi hegðun fyrir sitt kyn með því að fylgjast með fullorðnum í kringum sig og hvernig þau bregðast ólíkt við ákveðnum félagslegum aðstæðum. Börn byggja síðan á þeirri reynslu og læra hefðbundnar hugmyndir um kyngervi karla og kvenna sem er síðan styrkt af skólakerfinu og fjölmiðlum (Bussey, 2011). Hvort sem það er ætlunin eða ekki þá hafa skoðanir og viðhorf foreldra mótandi áhrif á börn þeirra. Kyngervismótun barna er oft ólík. Drengir og stúlkur oft alin upp á ólíkann máta sem gerir það að verkum að þau læra að hegða sér innan ramma hefðbundinna hugmynda um kyngervi. Í leikskóla máta börn eigin hugmyndir við hugmyndir annarra barna um hvaða hegðun er eðlileg miðað við kyn þeirra og þau skapa sér kynjaðar hugmyndir um atgervi fólks (Paechter, 2003).

Innan þroskasálfræðinnar hefur verið samstaða um að sjálfsmynd barna mótist á öðru aldursári og birtist meðal annars í því að barnið fer að nota 1. persónu fornafn um sjálf sig og þekkja sig í spegli. Fræðimenn eru einnig sammála um að á aldrinum tveggja til þriggja ára fari börn að líta á sig sem drengi eða stúlkur. Um þriggja til fjögurra ára aldur átta börn sig á stöðugleika kyns en telja samt að hægt sé að breyta um kyn með því að breyta útliti, því er mikilvægt fyrir börn að hegða sér í samræmi við staðalmynd um sitt kyn. Að lokum átta börn sig á að kyn þeirra breytist ekki þó þau klæðist öðrum fötum eða leiki sér með annað dót. Það

kallast kynfesti þegar börn átta sig á því að kyn sé óbreytanlegt og gerist við fjögurra til sjö ára aldur (Bussey, 2011; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007; Lightfoot, Cole og Cole, 2013). Damon og Hart (1988) segja að sjálfsmynd barna á leikskólaaldri sé að mestu leyti bundin líkamlegum og öðrum ápreifanlegum eða sjáanlegum einkennum. Sjálfsmynd barna vísar til þess hvernig börn sjá og skilgreina sig sjálf og þar á meðal kyngervi og kyn þeirra. Þróun sjálfsmyndar tengist vitsmunafroska og félagsþroska (Damon og Hart, 1988).

Karniol (2011) gerði rannsókn um hugmyndir leikskólabarna um liti í tengslum við kyn. Í rannsókn hennar var leitast við að svara því hvort munur væri á hugmyndum stúlkna og drengja um liti. Niðurstöður leiddu í ljós að drengir forðuðust að lita með „stelpu“ litum líkt og bleikum en stúlkurnar notuðu færri „stelpu“ liti þegar þær voru að lita karllægar myndir. Stúlkur notuðu hins vegar alla litina til þess að lita kynlausar og kvenlegar myndir (Karniol, 2011). Börn tengja því kyngervi við liti.

Marianna Jónsdóttir Maríudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2018) rannsökuðu viðhorf foreldra til kyngervis grunnskólakennara þar sem að viðmælendur voru spurðir út í skilning sinn á karlmennsku og kvenleika, hvort kennarar væru mikilvægar fyrirmyndir, hvort þau teldu að nemendur bæru meiri virðingu fyrir konum eða körlum og hvort kynjamunur væri á því hvernig kennarar beittu aga og sýndu umhyggju. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom einstaklingshyggja og kynblinda skýrt fram, annað hvort var litið fram hjá áhrifum kyngervis eða þeim afneitað. Eðlishyggjan birtist á þann hátt að eiginleikar góðs kennara líkt og umhyggjusemi og góðmennska væri eðlislægari konum en að agi væri eðlislægari körlum. Þar að auki kom fram að karlkyns kennarar og kvenkyns kennarar séu fyrirmyndir fyrir börn á ólíkan hátt. Viðhorfin reyndust því mótsagnakennd á köflum en voru oftast lituð af eðlishyggju en mótunarhyggju (Marianna Jónsdóttir Maríudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018).

Það eru ekki eingöngu foreldrar sem hafa áhrif á viðhorf barna til kyngervis en teiknimyndir og sjónvarpsefni ætlað börnum eiga drjúgan þátt í að móta hugmyndir ungra barna um umheiminn (Leaper, Breed, Hoffman og Perlman, 2002). Í dag byrja börn að horfa á sjónvarp og netmiðla ung og öðlast þar margvíslega þekkingu sem þau nota til að miða við og útskýra raunveruleikann í kringum sig (Schmidt, Pempek og Kirkorian, 2008; Zimmerman og Christakis, 2005; Þorbjörn Broddason, 2005). Í frásögnum barna endurspeglast algengustu birtingarmyndir kynjanna í afþreyingarefnum þar sem kvenpersónur eru oft hlédrægar og karlpersónur eru sterklegar og virkar (Hunt, 2004). Algengt dæmi um kvenpersónur eru prinsessur í Disney ævintýrum, þar eru óraunhæfir fegurðarstaðlar og prinsessurnar oft

bjargarlausar nema að prins eða önnur karlkyns hetja komi þeim til bjargar. Fegurð prinsessanna var talinn þeirra helsti kostur. Disney hefur þó undanfarin ár reynt að breyta staðalmyndum kynjanna og sett prinsessurnar í hetjuhlutverkið og þar má nefna Moana (2016) og Brave (2012).

Davies (2003) rannsakaði börn í áströlskum leikskólum til þess að komast að því hvers vegna meirihluti barnanna aðlagaðist hefðbundnum kynhlutverkum snemma á ævinni þrátt fyrir að margir foreldrar segðust vinna gegn því í sínu uppeldi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að börn læri um viðmið um ólíka hæfni og staðalmyndir sem tengjast kvenleika og karlmennsku í gegnum afþreyingarefni í sjónarpinu. Davies las fyrir börnin *feminísk ævintýri* og töldu börnin ævintýrin röng því boðskapur þeirra braut á fyrri upplifunum þeirra um kvenleika og karlmennsku. Í feminískum ævintýrum eru staðalmyndum kynjanna breytt til dæmis með því að hafa konu sem hetju.

Þórdís Þórðardóttir (2012b) gerði rannsókn þar sem að hún rannsakaði hugmyndir fjörutíu leikskólabarna á aldrinum fjögurra til fimm ára um kvenleika, karlmennsku og störf. Athugað var hvernig hugmyndir barna um kvenleika, karlmennsku og störf birtust í samræðum að loknu áhorfi á myndskaið um *Hin ótrúlegu* (e. *The Incredibles*) sem er teiknimynd um ofurhetjur. Myndskeiðið sem börnin horfðu á hefst þegar móðirin ákveður að bjarga föðurnum og lýkur þegar fjölskyldan sameinast heilu og höldnu. Eftir áhorfið ræddu börnin um innihald myndskaiðsins en rannsakandi bar fram spurningar um innihaldið, kyn persóna og störf þeirra eftir því sem frásagnir barnanna gáfu tilefni til. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að samræður barnanna einkenndust af kvenlægum og karllægum lýsingum á sögupersónum og raunverulegu fólki. Hugmyndir barnanna um störf réðust af kynnum þeirra af störfum sinna nánustu í bland við störf persónanna sem komu fram í myndskaiðinu. Börnin sem tóku þátt í rannsókninni höfðu tilhneigingu til að hafna óhefðbundnum kynhlutverkum og nota staðalmyndir um kynin til að lýsa athöfnum fólks en sum höfðu efasemdir um réttmæti þess.

Í annarri rannsókn Þórdísar (2013) um aðgengi fjögurra til fimm ára leikskólabarna að barnabókum og stafrænum miðlum kom í ljós að foreldrar halda prinsessuævintýrum að stúlkum og ofurhetjusögum að drengjum. Í svörum kom fram að tölvuleikir og teiknimyndir væru margfalt algengari á heimilum drengja (83%) en stúlkna (17%) og á heimilum stúlkna var margfalt meiri áhersla á prinsessuævintýri (76%) en á heimilum drengja (24%). Niðurstöður Þórdísar eru í samræmi við niðurstöður Paechter (2007) um kynjað val foreldra á barnaefni.

2.6 Kyngervi leikfanga

Rannsóknir hafa sýnt fram á að leikföng eru almennt flokkuð í tvo hópa „fyrir stráka“ eða „fyrir stelpur“. Það er gert annað hvort með skýrum merkingum eða með mynd á umbúðum leikfangsins af kyni barnsins sem er ætlað að leika með leikfangið (Fine og Rush, 2018; Francis, 2010). Þrátt fyrir að það sé einstaklingsbundið er staðreyndin sú að strákar og stúlkur velja og leika sér með mismunandi leikföng og er það ein af þekktustu eiginleikum staðalmyndar kynjanna í barnæsku (Blakemore og Centers, 2005).

Eðlishyggjusinnar halda því fram að kynjuð leikföng endurspegli áhugasvið barna í „stráka“ eða „stelpu“ leikföngum. Strákar laðist að „stráka“ leikföngum vegna þess að það er í eðli stráka að vera sterkir, með keppnisskap og að hafa áhuga á vísindum. Stúlkur laðist hins vegar að svokölluðum „stelpu“ leikföngum vegna þess að það er í eðli stúlkna að annast aðra og að sækjast eftir að vera aðlaðandi í útliti. Leikfangamarkaðurinn sé eingöngu að sinna eftirspurn og áhuga eftir kyni barna (Williams, 2006). Mótunarsinnar trú á því að kynjuð leikföng séu einn mótunaraðili í staðalmyndum kynjanna og hafi bein áhrif á val og áhuga barna á leikföngum (Fine og Rush, 2018). Rannsóknir sýna að ung börn átti sig ekki strax á því að leikföng séu eingöngu fyrir annað kynið en að þau læri fljótt að sum leikföng séu „fyrir stráka“ og önnur „fyrir stúlkur“ og þar af leiðandi séu sum leikföng ekki viðeigandi fyrir þau (Francis, 1998). Börnum eru gefin ólík leikföng og föt eftir því hvort þau eru drengir eða stúlkur. Drengjum eru gefin leikföng sem ýta undir námsþroska til dæmis kubba og einnig leikföng sem ýta undir hreyfigetu líkt og bolta. Stúlkum er aftur á móti gefin leikföng sem tengjast umönnun og heimilisverkum líkt og dúkkur, dúkkuhús og eldhúsvörur fyrir hlutverkaleik (Cherney og London, 2006; Pomerleau, Bolduc, Malcuit og Cossette, 1990). Það er áhugavert að börn biðja frekar um leikföng sem eru dæmigerð fyrir staðalmyndir kynjanna en foreldrar velja leikföng sem eru þroskandi eða skapandi og henta öllum kynjum (Robinson og Morris, 1986). Engu að síður er ljóst að foreldrar eru líklegri til þess að kaupa kynjuð leikföng fyrir börn sín og móta þannig kyngervi barna sinna (Fisher-Thompson, Sausa og Wright, 1995).

Blakemore og Centers (2005) gerðu rannsókn þar sem að leikföng barna voru metin eftir því hvort eiginleikar þeirra væru kvenlegir eða karllegir. Rannsóknin var framkvæmd í tvennu lagi en í fyrri hluta rannsóknarinnar voru þátttakendur beðnir um að flokka leikföng eftir því hvort þau væru kvenleg, karlleg eða hlutlaus. Í seinni hluta rannsóknarinnar voru eiginleikar leikfanganna skoðaðir og þar kom í ljós að „stelpuleikföng“ lögðu áherslu á útlit,

umhyggju og heimilisstörf en „strákaleikföng“ lögðu áherslu á ofbeldi, keppni, spennu og hættu. Það var einnig áhugavert að „strákaleikföngin“ buðu upp á meira svigrúm fyrir ímyndunarleiki en „stelpuleikföngin“ voru með fyrirfram mótaðar hugmyndir um hvernig eigi að leika sér með leikföngin til dæmis í hlutverkaleik. Í niðurstöðunum kom jafnframt í ljós að þau leikföng sem bjóða upp á mestan þroska voru flokkuð sem hlutlaus eða sem „hóflega strákaleg“ á meðan leikföng sem voru talin mjög „strákaleg“ eða mjög „stelpuleg“ þóttu minnst þroskandi (Blakemore og Centers, 2005). Leikföng bjóða upp á ólíka möguleika til náms eftir því hvort þau eru ætluð drengjum eða stúlkum (Francis, 2010).

Francis (2010) telur að leikföngum sé ráðstafað til barna eftir kyni og að markaðssetning leikfanga sé kynbundin. Í rannsóknum sínum fjallar hún um hvernig leikföng eru notuð til þess að móta kynbundnar hugmyndir meðal barna. Francis (2010) framkvæmdi rannsókn þar sem að hún spurði foreldra barna á aldrinum þriggja til fimm ára hvað væri uppáhalds leikfang barna sinna og uppáhalds áhorfsefni. Niðurstöðurnar voru greindar með tilliti til kyns barnanna. Leikföngin og áhorfsefnið sem var algengast var flokkað og greint. Út frá svörum foreldra kom í ljós að mikill munur er á þeim leikföngum sem börn leika sér með miðað við kyn þeirra. Drengir leika sér helst með leikföng sem snúa að tækni eða hreyfingu, til dæmis bíla, ofurhetjur og kubba en stúlkur leika sér frekar með leikföng sem tengjast umönnun, til dæmis dúkkur, bangsa og annað sem tengist hlutverkaleik en einnig útliti líkt og hárgreiðsludót. Varðandi uppáhalds áhorfsefni þá var áhorfsefni stúlkna mun fjölbreyttara en drengja. Aðalpersónan í áhorfsefni drengja var nánast alltaf karlkyns og með mun meiri hasar sem einblýndi meira á hetjudáð en hjá stúlkunum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að leikföng og áhorfsefni barna hefur áhrif á þróun hæfileika eða áhugamála hjá börnum. Drengir eru því líklegri til þess að standa sig betur á sviði tækni og vísinda en stúlkur á sviði umönnunar. Francis bendir á mikilvægi þess að veita börnum fjölbreytt leikefni og áhorfsefni þar sem að það virðist skipta miklu máli fyrir menntun þeirra en einnig vegna áhrifa á félagsmótun (Francis, 2010).

Undanfarið hafa einstaka fyrirtæki sem sérhæfa sig í leikföngum fyrir börn reynt að snúa við rótgrónum hugmyndum um að sum leikföng séu eingöngu ætluð öðru kyninu með því að hafa auglýsingar fyrir leikföng með breyttu sniði. Drengir eru í auglýsingum fyrir dúkkur og hárgreiðsludót og stúlkur eru í auglýsingum fyrir byssur og byggingarverkfæri (Collins og Rothe, 2017; Fine og Rush, 2018) en það liggja ekki fyrir neinar rannsóknir um hvort það hafi haft áhrif á kaup eða val barna á leikföngum.

2.7 Leikefni í leikskólum

Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt. Meðal annars með því að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) óháð kyni eða uppruna barns. Leikskólar bjóða upp á ógrynni af leikföngum þar sem nám leikskólans fer fram í gegnum leik. Í Jafnrétti: ritröð um grunnþætti menntunar, er aðeins einu sinni minnst á leikföng en það er í gátlista um jafnrétti í skólum þar sem að spurt er hvort leikfangakostur leikskólans höfði til beggja kynja. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir að leikefni þurfi að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börn til að rannsaka og kanna. Þar að auki er nefnt mikilvægi þess að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Það eru því einhver viðmið sem leikskólar fá þegar kemur að leikefni og efnivið en þau viðmið eru ekki mjög ítarleg sem gefur leikskólum frjálssar hendur þegar kemur að vali á leikefni.

Rannsakandi skoðaði námskrár hjá fjórum leikskólum sem voru valdir af handahófi, hver með ólíka hugmyndafræði eða stefnu og þær voru: heilsueflandi leikskóli, Hjallastefnan, SMT - skólafærni og Reggio Emilia. Námskrárnar lögðu mismikla áhersla á jafnrétti kynja og það hvaða leikefni er í boði. Eingöngu Hjallastefnan er með kynjanámskrá en markmiðið með kynjanámskránni er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum (Margrét Pála Ólafsdóttir, e.d.). Bæði Reggio Emilia og SMT – skólafærni námskrárnar sögðust leggja áherslu á að starfsfólk leikskólans skoði starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir óháð kyni. Í heilsueflandi námskránni var kyn eingöngu nefnt einu sinni í jafnréttisstefnu þeirra.

Þegar það kemur að leikföngum þá leggur Hjallastefnan áherslu á að engin sérstök leikföng séu í boði, eingöngu opið leikefni þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi. Reggio Emilia námskráin tók í sama streng og sagðist eingöngu bjóða upp á opinn efnivið sem býður upp á fjölbreytt námstækifæri sem endurspeglar áhuga barnanna. SMT – leikskólinn nefndi sérstaklega að leikföng væru hvorki flokkuð í stráka- né stelpuleikföng og að börn ættu að hafa jafnan aðgang að leikefni óháð kyni. Heilsueflandi leikskólinn nefndi að boðið væri upp á fjölbreytt leikefni eftir aldri og þroska barna hverju sinni.

2.8 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið fjallað um fræðilegan bakgrunn verkefnisins. Kyngervismótun barna hefur áhrif á marga þætti í lífi þeirra og þar á meðal leik og leikefni þeirra. Ung börn hafa sterka tilhneigingu til þess að alhæfa og draga ályktanir um alla karla og allar konur eftir því sem þau sjá í sínu nærumhverfi. Þau fylgjast með fjölskyldu sinni, hver gerir hvað, hvenær og með hverjum og draga eigin ályktanir um hvað það er að vera karl eða kona í því samhengi. Þessar hugmyndir eru síðan grundvöllurinn fyrir þeirra eigin hugmyndir um hvernig þau eigi að bera sig að eftir kyni og þannig móta þau eigin hugmyndir um kyngervi (Paechter, 2007). Foreldrar kaupa leikföng sem eru „ætluð“ kyni barna og áhugi þeirra og kyngervi mótast af þeim leikföngum sem eru í boði fyrir þau. Fyrirtæki sem selja leikföng eru meðvituð um markaðshópinn og framleiða og markaðssetja leikföng sín miðað við þróunina á leikfangamarkaðnum og viðhalda þannig kynjaða leikfanga úrvalinu (Williams, 2006). Einstaka leikfangafyrirtæki hafa barist gegn staðalmyndum með því að fjarlægja kynjaðar merkingar og auglýsingar (Collins og Rothe, 2017; Fine og Rush, 2018). Niðurstöður rannsóknar Þórdísar (2012a; 2012b) eru í samræmi við Paechter (2007) og gefa til kynna hversu brýnt það er að leikskólakennarar öðlist þekkingu í kynjafræðum til þess að stuðla að jafnrétti innan leikskóla. Rannsakandi skoðaði fjórar námskrár hjá ólíkum leikskóla hugmyndafræðum eða stefnum með það að leiðarljósi að athuga hverjar áherslur þeirra væru á jafnrétti og leikföng. Af þeim fjórum námskrám sem skoðaðar voru var áhersla á jafnrétti og opin kynjalausan efnivið í þrem þeirra.

3 Aðferðafræði rannsóknarinnar

Í þessum kafla er fjallað um aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar. Fyrst er greint frá rannsóknaraðferð og rannsóknarsniði, um blandaða rannsóknaraðferð er að ræða. Næst er fjallað um gagnaöflun og þátttakendur rannsóknarinnar. Farið er yfir gagnagreiningu og í lokin er fjallað um réttmæti og áreiðanleika rannsóknar sem og stöðu rannsakanda innan rannsóknarinnar.

3.1 Rannsóknaraðferð og rannsóknarsnið

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvaða leikföng foreldrar kaupa fyrir börn sín og afhverju leikfangið var valið. Niðurstöður eru greindar með tilliti til kyns barnsins og athugað hvort marktækur munur er á leikfangakaupum fyrir börn eftir kyni þeirra.

Rannsóknarspurning ritgerðar er: „*Er munur á vali foreldra á leikföngum fyrir börn á leikskólaaldri eftir kyni barnanna?*“.

Undirspurningar ritgerðar eru: „*Hver var ástæða foreldra fyrir vali á leikfangi?*“ og „*Var munur á leikföngum sem börn fengu eftir hugmyndafræði eða stefnu leikskólans?*“.

Ákveðið var að nota rafræna spurningakönnun (sjá viðauka A) til þess að svara rannsóknarspurningu. Með rafrænum spurningakönnunum má ná til breiðs hóps þátttakenda. Spurningakönnunin var hönnuð með það í hug að greina gögnin með því að notast bæði við eigindlega og megindlega aðferðafræði og því er notast bæði við blandaða rannsóknaraðferð. Megindlega aðferðafræði (e. *quantitative*) þar sem töluleg gögn eru greind og eigindlega aðferðafræði (e. *qualitative*) þar sem svör voru þemagreind (e. *coding analysis*).

Spurningakönnunin var hönnuð af höfundi með það í huga að svara rannsóknarspurningunni og var spurningalistinn yfirfarinn og lagfærður út frá ábendingum leiðbeinanda en spurningalisti Francis (2010) var notaður sem viðmið. Í rannsókn Francis, Gender, toys and learning, voru foreldrar spurðir út í kyn barns, uppáhaldsleikfang og uppáhalds sjónvarpsefni þess (Francis, 2010).

Spurningarnar í spurningalistanum voru níu talsins með bæði fyrirframgefnum svarmöguleikum og opnum spurningum. Fyrirframgefnu svarmöguleikarnir voru þegar spurt var um kyn og aldur barns og kyn foreldris. Notaðar voru opnar spurningar til þess að spyrja

hvaða leikfang var síðast keypt fyrir barnið og afhverju. Svör við opnu spurningum spurningakönnunarinnar voru þemagreind (e. *coding analysis*) og slík aðferðafræði telst til eigindlegar rannsóknar (Braun og Clarke, 2006; Wisker, 2001).

Með því að framkvæma rannsókn sem þessa er verið að afla upplýsinga um leikföng sem leikskólabörn fá og þau greind með tilliti til kyns barnsins. Hægt er að gera sér betur grein fyrir því hvaða leikföng börn fá eða óska sér frá foreldrum og skoða hvaða þættir hafa áhrif á val foreldranna við kaup á leikföngum.

3.2 Gagnaöflun

Notast var við blandaða rannsóknar aðferð eða bæði meginlega og eigindlega aðferð. Þar sem að notast var við meginlega aðferð var gögnum aflað með rafrænni spurningakönnun (sjá viðauka A) í gegnum Google Forms. Opnu spurningar spurningakönnunarinnar voru þemagreindar. Í spurningalista rannsóknarinnar var kyn foreldra og kyn og aldur barns þær lýðfræðilegu breytur sem notast var við í byrjun spurningalistans. Spurningar voru hannaðar með það í huga að svara rannsóknarspurningunni: „*Er munur á vali foreldra á leikföngum fyrir börn á leikskólaaldri eftir kyni barnanna?*“ og undirspurningunum: „*Hver var ástæða foreldra fyrir vali á leikfangi?*“ og „*Var munur á leikföngum sem börn fengu eftir hugmyndafræði eða stefnu leikskólans?*“.

Lagt var upp úr að hafa fyrirmæli skýr og uppsetningu á spurningum einfaldar til þess að koma í veg fyrir að þátttakendur misskildu spurningarnar. Í formála könnunarinnar var tekið fram að könnunin væri ætluð foreldrum barna á leikskólaaldri. Könnunin samanstóð af níu spurningum. Fjórar fyrstu spurningarnar voru til að kanna lýðfræðilegar breytur. Þrjár spurninganna voru opnar spurningar í tengslum við rannsóknarefnið, leikföng leikskólabarna. Tvær spurningar voru opnar spurningar þar sem að hægt var að koma öðrum málum fram ef það átti við.

Fyrsta spurningin var um kyn foreldra, spurt var hvernig foreldrið skilgreindi sig og valmöguleikarnir voru: móðir, faðir, forráðamann (kk) og forráðamann (kvk). Spurning tvö var um aldur barns og í spurningu þrjú var spurt um persónufornafn barnsins og valmöguleikarnir voru: hún, hann og hán. Þannig var hægt að gera grein fyrir kyni barnsins. Í fjórðu spurningunni var spurt um hugmyndafræði eða uppeldisstefnu leikskólans sem barnið var á, svarmöguleikarnir voru: Hjallastefnan, Reggio Emilia, Leikskóli án aðgreiningar, Heilsuefandi

leikskóli, Montessori, Læra með því að gera, Waldorf og SMT – skólafærni. Fimmta spurningin var opin þar sem þátttakendum gafst færi á að skrifa hugmyndafræði eða uppeldisstefnu leikskóla barnsins þeirra ef hún var ekki talin upp í fjórðu spurningunni.

Spurning sex var opin spurning um hvaða leikfang þátttakendur keyptu síðast fyrir barnið sitt. Í spurningu sjö voru þátttakendur beðnir um að lýsa leikfanginu og í áttundu spurningu voru þátttakendur spurðir hvers vegna þetta leikfang varð fyrir valinu. Í níundu og síðustu spurningunni var spurt hvort það væri eitthvað annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri.

3.3 Þátttakendur rannsóknar

Þýði spurningakönnunarinnar eru foreldrar og forráðamenn barna á leikskólaaldri. Við afmörkun úrtaks var notað hentugleikaúrtak. Rannsakandi auglýsti eftir þátttakendum á eigin Facebook heimasíðu en einnig í lokuðum Facebook hópum sem eru eingöngu ætlaðir foreldrum. Hóparnir sem auglýst var í eru Feðratips, Mæðratips og RIE / Respectful / Mindful Parenting á Íslandi. Því var um að ræða sjálfvalið hentugleikaúrtak og snjóboltaúrtak (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Samkvæmt reglum hópanna þarf ekki að biðja um leyfi áður en efni er sett inn en höfundur ritgerðar sendi samt sem áður skilaboð til þeirra sem hafa umsjón með síðunum þar sem efni og ástæður spurningakönnunarinnar var útskýrt.

Tekið var fram í formála könnunarinnar að fyllsta trúnaðar yrði gætt og nafn svarenda eða persónuupplýsingar kæmu hvergi fram í niðurstöðum ritgerðar og þær órekjanlegar. Spurningakönnunin var ekki tilkynnt til Persónuverndar þar sem að ekki er um að ræða rannsókn sem gæta þarf persónuverndar í meðhöndlun gagna. Spurningalistinn var opinn frá 28. febrúar 2019 til 17. mars 2019.

Þátttakendur voru 656 einstaklingar, þar af 80 ógild svör. Ástæða ógildu svaranna var að þátttakendur svöruðu fyrir fleiri en eitt barn í sömu könnun í stað þess að taka könnunina oftast en einu sinni. Rannsakandi fékk ábendingar frá þátttakendum um að það hefði átt að vera skýrara í byrjun könnunarinnar hvernig ætti að svara ef þátttakendur ættu fleiri en 1 barn en þau fengu þau svör að taka könnunina aftur. Ábendingar komust til skila í gegnum athugasemdir (e. *comment*) á samfélagsmiðlum eða í svörum við spurningu níu þar sem að þátttakendur gátu komið með athugasemdir ef þau óskuðu eftir því.

Tveir þátttakendur sögðust aldrei hafa keypt leikföng fyrir börnin sín og eru þau svör einnig talin ógild. Svarhlutfall var ójafnt eftir kynjum en feður voru 35 eða eingöngu 6%

svarenda en mæður 541 eða 94% svarenda. Í heildina voru 576 gild svör og svarhlutfall því 88% og þar með er hægt að alhæfa um niðurstöður (Agresti og Finlay, 2008). Börn þátttakenda voru 274 stúlkur (hún) og 302 drengir (hann) eða 47,5% stúlkur og 52,5% drengir. Enginn þátttakandi svaraði því að barnið sitt notaði persónufornafnið hán svo að eingöngu er um stúlkur og drengi að ræða í rannsókninni.

3.4 Gagnagreining

Við úrvinnslu svara úr spurningakönnun voru niðurstöður færðar úr Google Forms yfir á Microsoft Excel þar sem unnið var með töluleg gögn og svör þátttakenda. Niðurstöður spurningakannana teljast til frumupplýsinga þar sem rannsakendur safna sjálfir upplýsingum sem hafa ekki komið fram áður (Agresti og Finlay, 2008). Gögnin voru marglesin og svör þátttakenda um leikföng flokkuð með þemagreiningu (e. *coding analysis*) en með þemagreiningu var hægt að ná betri yfirsýn yfir efnið og svara rannsóknarspurningu (Braun og Clarke, 2006; Wisker, 2001).

Svör þátttakenda voru flokkuð í þemu eftir eðli svara. Þemu eru yfirflokkar sem eru lýsandi og henta vel þegar kemur að því að svara rannsóknarspurningu (Edwards, 2010; Lichtman, 2013). Veltitaflan Pivot í Microsoft Excel var notuð við þemagreiningu. Veltitafla er gagnvirk tafla sem gefur notendum möguleika á að sjá gögn í gagnasafnstöflu og samantektir úr þeim án þess að raunveruleg niðurröðun gagnanna breytist (Baldur Jónsson, Sigrún Helgadóttir, Þorsteinn Sæmundsson, & Örn Kaldalóns, 2013).

Svörin sem komu úr spurningum sex og sjö voru flokkuð eftir þemun og flokkarnir sem urðu til að lýsa leikföngunum eru eftirfarandi: dúkkur, farartæki, fígúrur, hlutverkaleikur, hreyfieflandi, mjúk tuskudýr, skapandi og þroskandi. Tekið var tillit til þess hvernig þátttakendur svöruðu spurningu sjö þar sem að þau lýstu leikföngunum sem þau keyptu síðast en höfundur rannsóknar tók loka ákvörðun um flokkun leikfanganna. Einhverjir myndu ábyggilega flokka dúkkur sem leikfang fyrir hlutverkaleik en rannsakandi ákvað að aðskilja dúkkur og fylgihluti fyrir dúkkur frá hlutverkaleiksflokknum til þess að sjá hvort kynjaskipting leikfanga væri samkvæmt staðalmyndum um leikföng fyrir kynin. Svör úr spurningu átta voru þemagreind og flokkarnir sem mynduðust voru: áhugasvið barns, gjöf, val barns, val foreldris og verðlaun/umbun.

3.4.1 Leikfangaflokkar

Í dúkkuflokknum voru allar tegundir dúkkna ásamt fylgihlutum sem eru eingöngu ætlaðir dúkkum. Dæmi um dúkkur eru Barbie, Baby Born, Betty Spaghetti, LOL dúkkur og fleira. Dæmi um fylgihluti eru dúkkuhús, kerrur, stólar og föt á dúkkurnar.

Í farartækjaflokknum voru allar tegundir leikfanga farartækja. Dæmi um farartæki í flokknum eru lest, flugvél, snjóþota, slökkviðisbíll, lögreglubíll, ruslabíll, þyrta, bílabrautir og dráttarvélar. Flest farartækin voru úr við eða plasti og nokkrum bílum var hægt að stýra með fjarstýringu.

Fígúrir eru hörð leikföng sem líkjast dýrum eða fólki og eru oftast úr plasti eða við. Dæmi um figúrir eru ofurhetjukallar, playmokallar, legokallar, hvolpasveitafígúrir og dýr.

Hlutverkaleikur eru leikföng sem tengjast hlutverkaleik að aðskildum dúkkum og fylgihlutum fyrir dúkkur. Dæmi um leikföng í hlutverkaleik eru búningar, byssur, bollastell, eldhúsdót, bæði húsgögn og matur, hárgreiðsludót, læknadót og dótaverkfæri.

Dæmi um hreyfieflandi leikföng voru hlaupahjól, hjólabretti, sparkhjól/jafnvægishjól og boltar. Mjúk tuskudýr eru aðallega bangsar og önnur mjúk leikföng. Dæmi um mjúk tuskudýr í flokknum eru api, einhyrningur, héri, selur, panda og fleiri bangsar.

Leikföng sem voru flokkuð sem skapandi leikföng voru leir, sandur (e. *kinetic sand*), hljóðfæri, litir, perlur og annar opinn efniviður sem hægt var að nota á skapandi hátt.

Leikföngin sem voru flokkuð sem þroskandi leikföng voru púsl, bækur og spil ásamt fjölmörgum tegundum af kubbum, þar á meðal lego kubbar, duplo kubbar og segulkubbar.

3.5 Marktektarpróf

Notað var marktektarpróf (e. *significance test*) af vefsíðunni Quantpsy (Preacher, 2001) til að meta líkur á hvort einhver marktækur munur væri á milli þess hvaða leikföng börn fá eftir kyni. Spurningarnar í könnuninni voru níu talsins og skiptust í fjórar spurningar um lýðfræðilegar breytur. Þrjár spurningar voru opnar spurningar í tengslum við rannsóknarefnið, leikföng leikskólabarna. Tvær spurningar voru opnar spurningar þar sem að hægt var að koma öðrum málum fram ef það átti við. Spurningarnar voru krosskeyrðar við lýðfræðibreytuna kyn barns. Breytan drengir og stúlkur er óháð. Þar sem að eingöngu 6% svarenda voru feður þá voru spurningar ekki krosskeyrðar við lýðfræðibreytuna kyn foreldris.

Marktektarpróf notar gögn úr könnun til að draga saman sönnunargögn um ákveðna tilgátu. Prófið gerir þetta með því að bera saman punktamat við spádómsgildi tilgátunnar. Við túlkun á svörum um lýðfræðibreytu notast rannsakandi við marktektarmörkin $P = 0,05$. P -gildi gefur okkur líkurnar á því hvort sá munur sem sé til staðar á milli breyta sé kominn fyrir tilviljun eða hvort raunverulegur munur sé líklegur til að vera til staðar. Því minna sem P - gildið er því sterkari eru sönnunargögnin gegn núlltilgátunni. Í þessu tilfalli er núlltilgátan „enginn marktækur munur er á svörum spurninga eftir mismunandi lýðfræðibreytum“ og rannsóknartilgátan er „munur er á svörum spurninga eftir mismunandi lýðfræðibreytum“ eða að börn fái mismunandi leikföng eftir kyni. P - gildi sem er minna en $0,05$ er talið undir marktektarmörkum og því er hægt að telja að tölfræðilega marktækur munur sé þar á (Agresti og Finlay, 2008; Amalía Björnsdóttir, 2013).

Tafla 1 - Marktektarpróf

| Leikfangaflokkur | Drengir | % | Stúlkur | % | Heildarfjöldi | p – gildi ¹ |
|------------------|---------|-------|---------|-------|---------------|--------------------------|
| Dúkkur | 3 | 7,9% | 35 | 92,1% | 38 | $p < 0.001^*$ |
| Farartæki | 66 | 83,5% | 13 | 16,5% | 79 | $p < 0.001^*$ |
| Fígúrir | 43 | 70,5% | 18 | 29,5% | 61 | $p = 0.001^*$ |
| Hlutverkaleikur | 28 | 43,8% | 36 | 56,3% | 64 | $p = 0.317$ |
| Hreyfieflandi | 13 | 56,5% | 10 | 43,5% | 23 | $p = 0.532$ |
| Mjúk tuskudýr | 19 | 40,4% | 28 | 59,6% | 47 | $p = 0.189$ |
| Skapandi | 26 | 40,6% | 38 | 59,4% | 64 | $p = 0.134$ |
| Þroskandi | 104 | 52,0% | 96 | 48,0% | 200 | $p = 0.482$ |

*Tölfræðilega marktækur munur á svörum

¹Kí-kvaðrat

Tölfræðilega marktækur munur mældist í þremur leikfangaflokkum, það eru flokkarnir dúkkur, farartæki og figúrur. Marktækur munur var ekki til staðar í hinum fimm flokkunum sem eru hlutverkaleikur, hreyfieflandi, mjúk tuskudýr, skapandi og þroskandi. Ekki mældist marktækur munur á ástæðu á vali leikfangs en þar var p -gildið $p = 0.4763$.

4 Niðurstöður


Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvaða leikföng foreldrar kaupa fyrir börn sín og þær skýringar sem þeir gefa á kaupunum. Spurningakönnun var lögð fyrir foreldra leikskólabarna til að leita svara við rannsóknarspurningunni: „Er munur á vali foreldra á leikföngum fyrir börn á leikskólaaldri eftir kyni barnanna?“ og undirspurningum: „Hver var ástæða foreldra fyrir vali á leikfangi?“ og „Var munur á leikföngum sem börn fengu eftir hugmyndafræði eða stefnu leikskólans?“. Niðurstöður voru greindar með tilliti til kyns barnsins og athugað hvort marktækur munur sé á leikfangakaupum fyrir börnin eftir kyni þeirra.

4.1 Leikfangaflokkar

Hér verður sagt frá niðurstöðu þemagreiningar úr svörum foreldra á spurningakönnun rannsóknarinnar.


4.1.1 Dúkkur

Dúkkur voru 38 af 576 eða 7% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir þrjá drengi og þrjátíu og fimm stúlkur. Þegar ástæða fyrir því afhverju leikfangið var keypt kom í ljós að allir þrír drengirnir voru í sama flokknum, val foreldris. Meirihluti stúlnanna eða 68,4% voru í flokknum áhugasvið barns og val barns.




4.1.2 Farartæki

Faratæki voru 79 af 576 eða 14% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir sextíu og sex drengi og þrettán stúlkur.




4.1.3 Fígúrir

Fígúrir voru 61 af 576 eða 10% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir fjörutíu og þrjá drengi og átján stúlkur.




4.1.4 Hlutverkaleikur

Hlutverkaleikföng voru 64 af 576 eða 11% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir tuttugu og átta drengi og þrjátíu og sex stúlkur.




4.1.5 Hreyfieflandi

Hreyfieflandi leikföng voru 23 af 576 eða 4% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir þrettán drengi og tíu stúlkur.




4.1.6 Mjúk tuskudýr

Mjúk tuskudýr voru 47 af 576 eða 8% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir nítján drengi og tuttugu og átta stúlkur.




4.1.7 Skapandi

Skapandi leikföng voru 64 af 576 eða 11% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir tuttugu og sex drengi og þrjátíu og átta stúlkur.




4.1.8 Þroskandi

Þroskandi leikföng voru 200 af 576 eða 35% af heildarleikföngum og þar af voru leikföngin keypt fyrir hundrað og sex drengi og níutíu og sex stúlkur. Þroskandi leikföng voru langstærsti flokkurinn.



4.2 Ástæða vals

Þegar ástæða fyrir vali á leikfangi var skoðuð kom í ljós að áhugasvið barns og val foreldris voru algengustu ástæðurnar. Munurinn á flokkunum áhugasvið barns og val barns er sá að í



val barns kom fram að barnið valdi leikfangið sjálf eða það sérstaklega um það en í áhugasvið barns sagði foreldrið að barnið hefði áhuga á leikfanginu og foreldrið keypti það vegna þess. Í val foreldris völdu foreldrar leikfangið sjálfir og þá aðallega með einhvern tilgang til dæmis að leikfangið væri þroskandi. Markektargildið var $p=0.476$ sem segir okkur að það sé enginn marktækur munur á ástæðu foreldra fyrir vali á leikföngum.

4.3 Hugmyndafræði og stefnur leikskóla

Hér kemur tafla með skiptingu leikfangaflokka eftir hugmyndafræði leikskóla. Þegar gert var marktektarpróf var $p=0.4309$ sem segir okkur að það sé enginn marktækur munur á hvaða leikföng börn fá eftir hugmyndafræði leikskóla.

| Tafla 11 – Hugmyndafræði og stefnur leikskóla | | | | | | | | |
|---|-------------------------|---------------|----------------------|---------------------------|---------------|------------------|-------|---------|
| Leikfangaflokkar | Heilsueflandi leikskóli | Hjallastefnan | Læra með því að gera | Leikskóli án aðgreiningar | Reggio Emilia | SMT – skólafærni | Annað | Samtals |
| Dúkkur | 10 | 5 | 6 | 4 | 4 | 5 | 4 | 38 |
| Farartæki | 21 | 9 | 6 | 6 | 12 | 9 | 16 | 79 |
| Fígúrir | 10 | 7 | 4 | 4 | 13 | 7 | 16 | 61 |
| Hlutverkaleikur | 10 | 5 | 7 | 11 | 10 | 10 | 11 | 64 |
| Hreyfieflandi | 8 | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 4 | 23 |
| Mjúk tuskudýr | 15 | 6 | 3 | 4 | 5 | 7 | 7 | 47 |
| Skapandi | 18 | 10 | 3 | 3 | 14 | 0 | 16 | 64 |
| Þroskandi | 47 | 19 | 17 | 25 | 32 | 15 | 45 | 200 |
| Samtals | 139 | 63 | 48 | 59 | 92 | 56 | 119 | 576 |

5 Umræða

Af átta leikfangaflokkum fengu stúlkur fleiri skapandi leikföng, mjúk tuskudýr og leikföng fyrir hlutverkaleik og dúkkur. Drengir fengu fleiri þroskandi og hreyfieflandi leikföng ásamt því að fá fleiri fígúrus og farartæki. Enginn marktækur munur reyndist vera á bakvið val á leikföngum né hvaða hugmyndafræði eða stefnu leikskóli barnanna aðhyllist. Eingöngu mældist marktækur munur á hvaða leikföng börn fengu eftir kyni í þrem flokkum en það eru flokkarnir dúkkur, farartæki og fígúrus en það er í samræmi við niðurstöður Cherney og London (2006), Francis (2010) og Pomerleau, Bolduc, Malcuit og Crosette (1990) um að drengir fái helst leikföng sem snúa að tækni eða hreyfingu, til dæmis bíla, ofurhetjur og kubba en að stúlkur leiki sér með leikföng sem tengjast ummönnun, til dæmis bangsa, dúkkur og annað sem tengist hlutverkaleik. Niðurstöður Francis (2010) sýndu einnig fram á að leikföng hafi áhrif á þróun hæfileika eða áhugamála á fullorðinsárum og því þarf að bjóða börnum upp á fjölbreytt leikefni til að skapa þeim sem jafnasta möguleika í framtíðinni.

Val foreldris og áhugasvið barns voru algengustu ástæðurnar fyrir kaupum á leikföngum. Því er hægt að segja að foreldrar kaupi sjálfir meirihluta leikfanga barna sinna en hafa áhugasvið barnsins til hliðsjónar. Það var áhugavert að þegar skoðað var afhverju leikfangið dúkka var valið kom í ljós að allir þrír drengirnir voru í sama floknum, val foreldris. Þegar leikfangaflokkarnir farartæki og fígúrus eru skoðaðir var áhugasvið barns langstærsta ástæðan og þar voru drengir í miklum meirihluta. Það er því áhugavert að börn biðja frekar um leikföng sem eru dæmigerð fyrir staðalmyndir kynjanna sem er í samræmi við Blakemore og Centers (2005) og Robinson og Morris (1986).

Leikskólum ber að tryggja börnum jafnan rétt til menntunar, óháð kyni, uppruna, stétt og öðrum ytri aðstæðum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Því þarf að hafa í huga hvernig staðið er að jafnréttiskennslu innan leikskóla og hvaða leikföng eru í boði. Leikskólakennarar þurfa að hafa í huga þau félags- og menningarlegu áhrif sem samfélagið hefur á börn. Ólíkur skilningur starfsfólks leikskóla á jafnrétti getur verið hindrun í jafnréttiskennslu. Því er gríðarlega mikilvægt að leikskólakennarar og aðrir sem koma að uppeldi og menntun barna innan leikskóla hafi sameiginlegan skilning á hugtakinu jafnrétti (Þórdís Þórðardóttir, 2016). Viðhorf leikskólakennara skiptir einnig sköpum en samkvæmt rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012a), Að læra til telpu og drengs: kynjaðir lærdómar, kom fram að orðræða leikskólakennara einkennist af eðlishyggju sem er í mótsögn við sagðar

áherslur þeirra á jöfnuð og lýðræði. Það eru ýmsar hugmyndafræðir og stefnur í leikskólum sem vinna markvisst að jafnrétti kynjanna. Það er til dæmis gert með því að hafa engin kynjuð leikföng heldur eingöngu opin efnivið, þá hafa bæði stúlkur og drengir jafnt aðgengi að því leikefni sem er í boði. Niðurstöður rannsóknar Þórdísar (2012a; 2012b) gefa til kynna hversu brýnt það er að leikskólakennarar byggi upp þekkingu í kynjafræðum sem dugi þeim til að greina birtingarmyndir kynjamismunar og auka möguleika barna, óháð kyni til að þróa eigin hæfileika og færni á ólíkum sviðum en það er einnig í samræmi við rannsókn Paechter (2007).

6 Lokaorð

Miðað við niðurstöður rannsóknar þá er hægt að draga þá ályktun að mikilvægt sé að kynjafræði sé hluti af námi leikskólakennara til þess að leikskólakennarar verði meðvitaðri fyrir þeim félagsmótunar áhrifum sem leikföng hafa á börn. Við skrif þessarar rannsóknar opnuðust augu mín fyrir því hversu kynjaskiptur heimur okkar virkilega er. Barnaleikföng, föt og jafnvel húsgögn eru flokkuð í bleikt og blátt. Ég hef einnig orðið meðvitaðri fyrir þeirri orðræðu sem ríkir á leikskólanum sem ég starfa á en þar finn ég að viðhorf leikskólakennaranna sem og annars starfsfólks er litað af eðlishyggju og kynblindu.

Helsta takmörkun þessarar rannsóknar er skortur á bakgrunnsupplýsingum þátttakenda. Það hefði verið áhugavert að sjá hvort að munur væri leikfangavali fyrir börnin miðað við menntun eða búsetu foreldra. Stór meirihluti þátttakenda voru mæður sem var einnig takmarkandi að því leiti að ekki var hægt að bera saman mun á vali leikfanga eftir kyni foreldra. Svarhlutfall eftir kyni foreldra var einnig ójafnt eða feður 6% og mæður 94% og því væri áhugavert að athuga hvort niðurstöður væru þær sömu með jöfnum svarhlutföllum mæðra og feðra. Önnur takmörkun í rannsókninni var að spurningalistinn var ekki forprófaður. Með forprófun hefði verið hægt að athuga hvort spurningar væru auðskiljanlegar eða hvort þátttakendur upplifðu einhvern miskilning við að svara spurningalistanum. Það hefði verið betra að forprófa spurningalistann það voru alls 80 ógild svör af 656 svörum.

Áhugi minn á viðfangsefninu hefur aukist gríðarlega við skrif þessa verkefnis en ég tel að hægt sé að fara út í frekari rannsóknir og kafa dýpra ofan í viðfangsefnið. Það væri áhugavert að framkvæma þessa rannsókn með því að fá svör frá börnum í stað foreldra þar sem að það getur verið misræmi í svörum foreldra þegar þau svara fyrir börn sín. Það má vel vera að einhverjir foreldrar hafi svarað óheiðarlega eða svarað á þann hátt sem þau héldu að rannsakandi vildi að þau myndu svara. Það væri einnig hægt að framkvæma þessa rannsókn innan leikskóla og sjá hvort boðið sé upp á fjölbreytt leikefni sem hvetur jafnt drengi og stúlkur til náms.

Heimildaskrá

- Agresti, A. og Finlay, B. (2008). *Statistical Methods for the social sciences* (B. 4). Prentice Hall.
- Amalía Björnsdóttir. (2013). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Sigríður Halldórsdóttir, *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 169-182).
- Baldur Jónsson, Sigrún Helgadóttir, Þorsteinn Sæmundsson og Örn Kaldalóns. (2013). *Veltitafla*. Sótt frá Tölvuorðasafn: <http://tos.sky.is/word/isl/7318/>
- Barnett, S. W. (2003). Better teachers, better preschools: Student achievement linked to teacher qualifications. *Preschool Policy Matters*(2), bls. 2-12.
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (ágúst 2010). *Stjórnarráðið*. Sótt 13. febrúar 2019 frá Kynungabók: upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja: <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf/kynungabok-vefutgafa.pdf>
- Blakemore, J. og Centers, R. (2005). Characteristics of boys' and girls' toys. *Sex Roles*, 53((9/10)), 619-633.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77-101.
- Burr, V. (1995). *An Introduction to Social Constructionism*. Routledge.
- Bussey, K. (2011). Gender Identity Development. Í S. J. Schwartz, K. Luyckx, og V. L. Vignoles, *Handbook of Identity Theory and Research* (bls. 603-628). New York: Springer.
- Cherney, I. D. og London, K. (2006). Gender-linked Differences in the Toys, Television Shows, Computer Games and Outdoor Activities of 5- to 13-year-old Children. *Sex Roles*, 54, 717-726.
- Collins, V. E. og Rothe, D. L. (2017). The consumption of patriarchy: commodification to facilitation and reification. *Contemporary Justice Review*, 20(2), 161-174.
- Damon, W. og Hart, D. (1988). *Self-understanding in childhood and adolescence*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Davies, B. (2003). *Frogs and snails and feminist tales: Preschool children and gender*. New Jersey: Hampton Press Inc.

- Dickens, L. og Watkins, K. (1999). Action research: Rethinking Lewin. *Management Learning*, 30(2), 127-140.
- Edwards, A. (2010). Qualitative designs and analysis. Í G. MacNaughton, S. A. Rolfe og I. Siraj-Blatchford, *Doing early childhood research: International perspectives on theory and practice* (bls. 155-175). Maidenhead: Open University Press.
- Fine, C. og Rush, E. (júni 2018). "Why does all the girls have to buy pink stuff?" The ethics and science of the gendered toy marketing debate. *Journal of Business Ethics*, 149(4), 769-784.
- Fisher-Thompson, D., Sausa, A. D. og Wright, T. F. (1995). Toy Selection for Children: Personality and Toy Request Influences. *Sex Roles*, 33(3-5), 239-255.
- Francis, B. (1998). *Power plays*. Stoke-on-Trent: Trentham Books.
- Francis, B. (2006). The nature of gender. Í C. Skelton, B. Francis og L. Smulyan, *The Sage Handbook of Gender and Education* (bls. 7-17). London: SAGE publication.
- Francis, B. (júni 2010). Gender, toys and learning. *Oxford Review of Education*, 36(3), 325-344.
- Frost, J. L., Wortham, S. C. og Reifel, S. (2008). *Play and child development* (B. 3). New Jersey: Pearson Merrill Prentice Hall.
- Golinkoff, R. M., Hirsh-Pasek, K. og Singer, D. G. (2006). Why play = learning: A challenge for parents and educators. Í D. G. Singer, R. M. Golinkoff og K. Hirsh-Pasek, *Play = learning: How play motivates and enhances children's cognitive and social-emotional growth* (bls. 3-12). New York: Oxford University Press.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.). *Kyn og kyngervi*. Sótt 13. nóvember 2018 frá Hinsegin frá Ö til A: <https://otila.is/grunnurinn/kyn-og-kyngervi/>
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.). *Kynjakerfið*. Sótt 27. desember 2018 frá Hinsegin frá Ö til A: <https://otila.is/vidhorf/stadlar/kynjakerfid/>
- Hinsegin frá Ö til A. (e.d.). *Staðalmyndir*. Sótt 2. mars 2019 frá Ö til A: <https://otila.is/vidhorf/stadlar/stadalmyndir/>
- Holzman, L. og Newman, F. (2008). Playing in/with the ZPD. Í E. Wood, *The Routledge reader in early childhood education* (bls. 85-108). London: Routledge.
- Hrönn Pálmadóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2007). „Það sem áður var bannað er nú leikur“ Breytingar á uppeldissýn í leikskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*(4), bls. 119-135.

- Hunt, P. (2004). Children's literature and childhood. Í M. J. Kehily, *An introduction to childhood studies*. New York: Open University Press.
- Jafnréttislög, nr. 10/2008
- Jafnréttisstofa. (e.d.). *Orðabók*. Sótt 12. mars 2019 frá Jafnréttisstofa: <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/ordabok>
- Jóhanna Einarsdóttir. (1999). Þáttur starfsfólks leikskóla í hlutverkaleik barna. *Uppeldi og menntun*(8), 35-53.
- Karniol, R. (2011). The color of children's gender stereotypes. *Sex Roles*, 65(1), 119-132.
- Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Leaper, C., Breed, L., Hoffman, L. og Perlman, C. A. (2002). Variation in the gender stereotyped content of children's television cartoons across genres. *Journal of applied social psychology*, 32(8), 1653-1662.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide* (B. 3). London: SAGE publication.
- Lightfoot, C., Cole, M. og Cole, S. (2013). *The Development of Children* (B. 7). New York: Wadsworth Thomson Learning.
- Lög um leikskóla, nr. 90/2008
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (e.d.). *Kynjanámskrá Hjallastefnunnar*. Sótt febrúar 2019 frá Hjallastefnan: <https://www.hjalli.is/kynjanamskra/>
- Marianna Jónsdóttir Maríudóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (27. ágúst 2018). *Kyngervi kennara í augum foreldra: Mótsagnakenndar kröfur*. Sótt 5. desember 2018 frá Netla. Veftímarit um uppeldi og menntun: <http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/06.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.
- Paechter, C. (2003). Masculinities and feminities as communities of practice. *Women's Studies International Forum*, 26(1), 69-77.
- Paechter, C. (2007). *Being boys, being girls: Learning masculinities and feminities*. New York: Open University Press.
- Pomerleau, A., Bolduc, D., Malcuit, G. og Cossette, L. (1990). Pink or Blue: Environmental Gender Stereotypes in the First Two Years of Life. *Sex Roles*, 22(5-6), 359-367.

- Preacher, K. J. (apríl 2001). *Calculation for the chi-square test: An interactive calculation tool for chi-square tests of goodness of fit and independence*. Sótt frá Computer software: <http://quantpsy.org/>
- Robinson, C. C. og Morris, J. T. (1986). The gender-stereotyped nature of Christmas toys reviewed by 36-, 48-, and 60-month old children: A comparison between nonrequested vs. requested toys. *Sex Roles, 15*, 21-32.
- Schmidt, M. E., Pempek, T. A. og Kirkorian, H. L. (2008). The effects of background television on the toy play behaviour of very young children. *Child Development, 79*, 1137-1151.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2002). Um meintan dauða femínismans. *Ritið(2)*, 77-101.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*.
- Williams, C. (2006). *Inside toyland: working, shopping and social inequality*. Berkeley: University of California Press.
- Wisker, G. (2001). *The postgraduate research handbook: succeed with your MA, MPhil, EdD and PhD*. Palgrave.
- Zimmerman, F. J. og Christakis, D. A. (2005). Children's television viewing and cognitive outcomes: A longitudinal analysis of national data. *Archives of Pediatrics and Adolescent Medicine, 159(7)*, 619-625.
- Þorbjörn Broddason. (2005). Börn og breyttir miðlar. Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna*. Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012a). *Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla*. Sótt 10. desember 2018 frá Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2012: <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>
- Þórdís Þórðardóttir. (2012b). „Flugfreyjur koma með matinn en stýra ekki sjálfar“ Kvenleiki, karlmennska og störf í samræðum ungra barna. Í Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, *Raddir barna* (bls. 137-162). Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan.
- Þórdís Þórðardóttir. (2013). Barnaefni og fjölskylduhábitusar: Aðgengi 4-5 ára leikskólabarna að barnabókum og stafrænum miðlum á heimilum sínum. *Tímarit um menntarannsóknir(10)*, 162-183.
- Þórdís Þórðardóttir. (2016). Jafnrétti í leikskólum. Styrkir, veikleikar, menning og margbreytileiki. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, *Leikum, lærum, lifum. Um grunnþætti menntunar í leikskólastarfi* (bls. 155-188). Reykjavík: RannUng. Háskólaútgáfan.

Viðauki A: Spurningakönnunin

Leikföng leikskólabarna

Kæri viðtakandi. Ég heiti Kolbrún Lára Kjartansdóttir og er nemandi í leikskólakennaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þessi spurningakönnun er ætluð foreldrum leikskólabarna og er liður í undirbúningi mínum að gerð B.Ed. lokaverkefnis um leikföng leikskólabarna. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir dósent við Menntavísindasvið HÍ er leiðbeinandi minn.

Mér þætti vænt um ef þú gæfir þér stuttan tíma til að svara könnuninni en hún tekur um 2-5 mínútur. Fyllsta trúnaðar er gætt og nafn svaranda eða persónuupplýsingar koma hvergi fram í gögnum ritgerðar. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi spurningalistann er þér velkomið að senda mér skilaboð á klk25@hi.is

Takk kærlega fyrir að taka þátt, ykkar framlag skiptir mig miklu máli.

Ég skilgreini mig sem:

- Móður
- Föður
- Forráðamann (kvk)
- Forráðamann (kk)

Aldur barns?

- 1 árs (fætt 2018)
- 2 ára (fætt 2017)
- 3 ára (fætt 2016)
- 4 ára (fætt 2015)
- 5 ára (fætt 2014)
- 6 ára (fætt 2013)

Persónufornafn barns?

- Hún
- Hann
- Hán

Hvaða hugmyndafræði eða uppeldisstefnu fylgir leikskóli barnsins þíns?

- Hjallastefnunni (Margrét Pála Ólafsdóttir)

- Reggio Emilia (Loris Malaguzzi)
- Leikskóli án aðgreiningar
- Heilsueflandi leikskóli
- Montessori – skóli (Maria Montessori)
- Læra með því að gera (John Dewey)
- Waldorf – skóli (Rudolf Steiner)
- SMT – skólafærni
- Annað...

Ef annað, hvaða hugmyndafræði eða uppeldisstefnu?

Leikföng

Hér er beðið um að segja hvaða leikfang þú keyptir síðast fyrir barnið þitt og afhverju. Minni á að ég get ekki rekið svör til þátttakenda og nafn eða persónuupplýsingar koma hvergi fram í niðurstöðum ritgerðarinnar.

Hvernig leikfang keyptir þú síðast fyrir barnið þitt?

Hvernig myndir þú lýsa leikfanginu?

Hvers vegna varð þetta leikfang fyrir valinu?

Er eitthvað annað sem þig langar að koma á framfæri?
